

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2004/111/EB

2008/EES/23/07

frá 9. desember 2004

um fimmtu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 94/55/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 94/55/EB frá 21. nóvember 1994 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum ⁽¹⁾, einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Viðaukar A og B við tilskipun 94/55/EB vísa til viðauka A og B við Evrópusamning um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR-samninginn) í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. júlí 2003.
- 2) ADR-samningurinn er uppfærður á tveggja ára fresti. Því verður breytt útgáfa í gildi frá 1. janúar 2005 með aðlögunartíma til 30. júní 2005.
- 3) Því er nauðsynlegt að breyta viðaukum A og B við tilskipun 94/55/EB.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutning á hættulegum farmi sem um getur í 9. gr. tilskipunar 94/55/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum viðauka A og B við tilskipun 94/55/EB er breytt sem hér segir:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 365, 10.12.2004, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 13.10.2005, bls. 9.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 7. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/28/EB (Stjtið. ESB L 90, 8.4.2003, bls. 45).

1. Í stað viðauka A komi eftirfarandi:

„Ákvæði viðauka A við Evrópusamninginn um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR-samninginn) í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2005 og er þá gert ráð fyrir því að orðið aðildarríki komi í stað orðsins samningsaðili.

Breyttur texti útgáfunnar frá 2005 í viðauka A við ADR-samninginn verður birtur jafnskjótt og textinn er til á öllum opinberum tungumálum Bandalagsins.“

2. Í stað viðauka B komi eftirfarandi:

„Ákvæði viðauka B við Evrópusamninginn um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR-samninginn) í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2005 og er þá gert ráð fyrir því að orðið aðildarríki komi í stað orðsins samningsaðili.

Breyttur texti útgáfunnar frá 2005 í viðauka B við ADR-samninginn verður birtur jafnskjótt og textinn er til á öllum opinberum tungumálum Bandalagsins.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 2005. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. desember 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

framkvæmdastjóri.
